

## Úrskurður

### áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 2/2004

**Félag íslenskra bifreiðaeigenda og**

**Þrotabú Alþjóðlegrar miðlunar ehf.**

**gegn**

**samkeppnisráði**

### I

Með bréfi, dags. 27. maí 2004, hafa Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) og Baldvin Hafsteinsson hrl. og Halldór Sigurðsson vegna þrotabús Alþjóðlegrar miðlunar ehf. (AM) kært ákvörðun samkeppnisráðs nr. [17/2004](#) sem tekin var þann 30. apríl 2004.

Í hinni kærðu ákvörðun beindi samkeppnisráð til Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT), Íslenskrar endurtryggingar hf. (ÍE) og Sjóvár-Almennra trygginga hf., Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Vátryggingarfélags Íslands hf. tilteknum tilmælum með heimild í 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Af hálfu áfrýjenda er þess aðallega krafist að hin kærða ákvörðun verði ómerkt og málinu vísað aftur til lögmætar meðferðar hjá samkeppnisráði, en til vara að hún verði felld úr gildi.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess aðallega krafist að kærðu áfrýjenda verði vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála, til vara að hafnað verði kröfu áfrýjenda um að ákvörðun samkeppnisráðs verði ómerkt og vísað aftur til meðferðar hjá samkeppnisráði og til þrautavara að ákvörðunin verði staðfest með vísan til forsenda hennar.

## II

Málavöxtum er lýst svo í hinni kærðu ákvörðun að málið varði almenna rannsókn samkeppnisyfirvalda á samkeppnishindrandi samstarfi á íslenska váttryggingamarkaðnum, einkum starfsháttum Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT), Íslenskrar endurtryggingar hf. (ÍE) og samstarfi annarra aðila þessa máls innan vébanda SÍT og ÍE. Nánar tiltekið hafi rannsóknin lotið að því að kanna hvort SÍT, ÍE eða aðildarfyrirtæki SÍT hafi með samningum, samþykktum eða samstilltum aðgerðum hafst eitthvað að sem lyti að eða væri ætlað að hafa áhrif á verð, skiptingu markaða eða gerð tilboða, sbr. 10. og 12. gr. samkeppnislaga, eða hvort málsaðilar hafi á annan ólögmetan hátt reynt að hindra samkeppni. Rannsóknin reki upphaf sitt annars vegar til sérstakrar athugunar samkeppnisyfirvalda á samskiptum Alþjóðlegrar miðlunar ehf. og Skráningarstofunnar hf., og aðkomu SÍT að því máli og hins vegar til samkeppnisréttarlegra álitaefna tengdum starfrækslu Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga (SÍFT). Í ljósi vísbendinga sem fram höfðu komið um að aðildarfélög SÍT hefðu í starfsemi sinni hugsanlega brotið gegn bannákvæðum samkeppnislaga hafi verið ákveðið að fara á starfsstöðvar SÍT og ÍE og framkvæma þar leit að gögnum og upplýsingum sem varpað gætu frekara ljósi á málið.

Á grundvelli þeirra gagna sem aflað hafi verið hafi samkeppnisyfirvöld tekið fyrst til athugunar samráð í tengslum við Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga. Í lok júlí 1998 hafi Samkeppnisstofnun sent aðilum frumathugun þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að rekstur samsteypunnar færi gegn ákvæðum samkeppnislaga. Í svari SÍFT við frumathuguninni hafi verið tilkynnt að aðildarfélög samsteypunnar hefðu samþykkt að slíta henni. Í ljósi þessa hafi Samkeppnisstofnun tilkynnti aðilum að samkeppnisyfirvöld myndu ekki hafast frekar að vegna SÍFT. Þá hafi með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 50/1997 fyrirmælum verið beint til Skráningarstofunnar hf. vegna samkeppnishamlna gagnvart Alþjóðlegri miðlun ehf.

Að lokinni frekari athugun á gögnum málsins hafi Samkeppnisstofnun ritað bréf, dags. 15. apríl 1999, til aðila málsins þar sem óskað hafi verið eftir margvíslegum gögnum og skýringum vegna atriða tengdum rannsókn samkeppnisyfirvalda á váttryggingamarkaðnum.

Eftir að rannsókn samkeppnisyfirvalda hófst hafi Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) sent erindi, dags. 3. júní 1999, til Samkeppnisstofnunar vegna meintra aðgerða aðildarfélaga SÍT gegn svonefndri FÍB-tryggingu þegar hún hafi

hafið starfsemi sína árið 1996. Hafi erindi FÍB lotið að því að lækkun váttryggingafélaganna á iðgjöldum í kjölfar innkomu FÍB-trygginga á markaðinn væri brot á 10. gr. samkeppnislaga. Vegna þessa hafi öllum íslensku váttryggingafélögum verið sent bréf og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við erindið. Þegar athugasemdir félaganna hafi borist var ákveðið af hálfu samkeppnisyfivalda að sameina rannsókn á erindi FÍB framangreindri rannsókn þeirra.

Var þeim aðilum, sem síðar í úrskurði samkeppnisráðs voru skilgreindir sem málsaðilar, send frumathugun Samkeppnisstofnunar í upphafi árs 2002 þar sem þeim var kynnt málið og þeim gefinn kostur á að koma að andmælum. Helstu niðurstöður frumathugunarinnar hafi verið að innan SÍT, ÍE og félaganna hefði átt sér stað samvinna á ýmsum sviðum sem færi í bága við samkeppnislög, þ.á m. samstarf um skilmálagæð, viðskiptakjör og um verð í bifreiðatryggingum. Málsaðilar skiluðu athugasemdum sínum við frumathugun Samkeppnisstofnunar í lok ágúst 2002 þar sem færðar voru fram skýringar og gerðar athugasemdir við ýmis atriði sem fjallað var um í frumathuguninni. Eftir yfirferð samkeppnisyfivalda á athugasemdum félaganna var talið að fram hefðu komið fram fullnægjandi skýringar á ýmsum þáttum málsins. Þrátt fyrir þetta hafi að mati samkeppnisyfivalda tiltekin atriði í starfsemi og samstarfi innan SÍT og ÍE ekki verið í samræmi við kröfur samkeppnislaga um sjálfstæði keppinauta.

Í hinni kærðu ákvörðun er tekið sérstaklega fram að málsaðilar séu Váttryggingafélag Íslands hf. (VÍS), Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (SA), Tryggingamiðstöðin hf. (TM), Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT), sem eru hagsmunasamtök félaganna og Íslensk endurtrygging hf. (ÍE) sem annast hefur endurtryggingar fyrir tryggingafélögin og félögin eiga sameiginlega.

Á fundi samkeppnisráðs hinn 30. apríl 2004 var tekin ákvörðun í málinu. Fram kemur í henni að samkeppnisyfivöld og málsaðilar hafi gert með sér sátt á grundvelli 18. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfivalda nr. 922/2001 og að í sáttinni felist að málsaðilar fallist á að hlíta þeim fyrirmælum sem fram komi í ákvörðunarorði.

Um málavexti að öðru leyti og ákvörðunarorð er vísað til hinnar kærðu ákvörðunar.

Áfrýjendur benda sérstaklega á í kæru sinni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála að þeir hafi sent margvísleg erindi til Samkeppnisstofnunar frá árinu

1995 vegna samkeppnishamlandi samstarfs íslenskra váttryggingafélaga. Þannig hafi hinn 26. október 1995 Halldór Sigurðsson sent erindi til Samkeppnisstofnunar ásamt þremur öðrum löggiltum váttryggingamiðlurum með beiðni um rannsókn á samkeppnisháttum á íslenska váttryggingamarkaðnum. Alþjóðleg miðlun ehf. hafi hinn 19. júní 1997 sent erindi þar sem þess var farið á leit við samkeppnisyfirvöld að þau könnuðu hvort starfsemi hinna ýmsu samsteypa íslensku váttryggingafélaganna kynnu að brjóta gegn ákvæðum samkeppnislaga eða samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. FÍB hafi hinn 3. júní 1999 sent sérstaka kvörtun til Samkeppnisstofnunar vegna hækkunar iðgjalda lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja. Báðir áfrýjendur hafi átt nokkra fundi með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar þar sem þeir hafi kynnt starfsemi sína og komið á framfæri við þá í hverju samkeppnisbrotin gegn þeim væru fólgin og hverjar væru þær samkeppnishindranir sem íslensk váttryggingafélög hafi staðið fyrir í þeim tilgangi að reyna að hindra samkeppnisstöðu þeirra. Þá hafi Samkeppnisstofnun aflað gagna hjá áfrýjendum um ýmis atriði í tengslum við starfsemina.

Í greinargerð samkeppnisráðs er samskiptum Samkeppnisstofnunar við áfrýjendur lýst á nákvæmari hátt en í hinni kærðu ákvörðun. Þar sem þessi atriði eru svo samofin málsástæðum samkeppnisráðs, sem síðar verður greint frá, þykir ekki nauðsynlegt að gera sérstaklega grein fyrir þeim hér.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð samkeppnisráðs barst nefndinni 18. júní 2004, athugasemdir áfrýjenda 30. júní 2004 og athugasemdir samkeppnisráðs 9. júlí 2004. Þá var þeim aðilum er ákvörðun samkeppnisráðs beindist að send kæra áfrýjanda og greinargerð samkeppnisráðs til kynningar.

### III

Til stuðnings kröfu sinni um ómerkingu hinnar kærðu ákvörðunar er af hálfu áfrýjenda vísað til þess að þeir eigi lögvarinnar hagsmuna að gæta í málinu og teljist því aðilar þess í skilningi 9. og 13. gr. reglna nr. 922/2001 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda. Þeir eigi beina aðild að málinu enda komi fram í hinni kærðu ákvörðun að það sé mat ráðsins að SÍT hafi, með endurteknum athugasemdum til opinberra eftirlitsaðila vegna innkomu nýrra keppinauta, beitt sér í þeim tilgangi að

hefta samkeppni og með því farið gegn samkeppnislögum. Þeir aðilar sem fyrst og fremst hafi orðið fyrir barðinu á þessu broti hafi verið áfrýjendur, sem hafi haft með sér samvinnu um miðlun bifreiðatrygginga fyrir aðila á Lloyds váttryggingamarkaðnum í London. Hvað sem öðru líði sé ljóst að áfrýjendur eigi óbeinna hagsmuna að gæta þannig að þeir falli undir aðildarhugtakið, sbr. 9. gr. málsmeðferðarreglna samkeppnisyfirvalda og almennar reglur stjórnsluréttarins.

Til stuðnings aðalkröfu sinni um frávísun málsins bendir samkeppnisráð á að ákvæði 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga um heimild til að skjóta ákvörðunum samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sé reist á þeirri meginreglu að viðkomandi hafi lögvarða hagsmuni af því að hnekkja hinni áfrýjuðu ákvörðun. Telur samkeppnisráð að draga beri þá reglu af lagaframkvæmd að til þess að viðkomandi teljist málsaðili í samkeppnismálum verði hann að sýna fram á sérstaka og brýna hagsmuni sem varði áframhaldandi starfsemi hans á markaðnum. Þetta skilyrði sé ekki uppfyllt.

Til stuðnings varakröfu sinni um að hafnað verði kröfu áfrýjenda um ómerkingu hins kærða úrskurðar bendir samkeppnisráð á að aðild áfrýjandans AM geti með engu móti grundvallast á erindi sem fjórir váttryggingamiðlarar hafi afhent Samkeppnisstofnun í október 1995. Það erindi hafi ekki orðið tilefni stjórnslumáls og erindisbeiðendur hafi unað við þá niðurstöðu. AM hafi hins vegar átt aðild að tveimur málum sem hafi tengst tryggingamarkaðnum. Annars vegar máli AM gegn Skráningarstofunni og hins vegar máli AM gegn SÍFT. Báðum þessum málum hafi lokið á árunum 1997 og 1998 og hafi AM ekki gert athugasemdir við lyktir þessara mála. Ekki sé því um að ræða að aðild AM að hinni kærðu ákvörðun geti byggst á þessum málum. Samkeppnisstofnun hafi að eigin frumkvæði hafið almenna rannsókn á tryggingamarkaðnum í apríl 1999. AM hafi hvergi komið þar nálægt og ekki sent erindi eða kvartanir vegna þeirra rannsókna. Í samræmi við það hafi gögn málsins aldrei verið send féluginu til umsagnar.

Hvað varðar aðild FÍB að hinni kærðu ákvörðun vísar samkeppnisráð til þess að Samkeppnisstofnun hafi að eigin frumkvæði hafið almenna rannsókn á samstarfi innan SÍT og aðildarfélaga þess með bréfum stofnunarinnar, dags. 15. apríl 1999. FÍB hafi hins vegar sent stofnuninni bréf í júní sama ár og óskaði eftir rannsókn á lækkun váttryggingafélaganna á iðgjöldum bifreiðatrygginga á árinu 1996. Samkeppnisstofnun hafi ákveðið að taka þessi atvik til rannsókna auk hækkunar á sömu iðgjöldum á

árinu 1999. Hafi þessi atriði verið sameinuð hinni almennu rannsókn á tryggingafélagunum. Samkeppnisstofnun hafi ekki litið svo á að þessi félagasamtök væru aðilar að málinu, heldur að samtökin hefðu sent samkeppnisyfirvöldum réttmæta ábendingu um atriði sem þarft væri að taka til rannsóknar. Hafi FÍB verið upplýst um að Samkeppnisstofnun tæki þessa ábendingu til greina með því að félaginu hafi verið send afrit af bréfum Samkeppnisstofnunar til tryggingafélaganna, dags. 28. júní 1999. Eftirfarandi málsmeðferð sýni að ekki hafi verið litið á FÍB sem aðila og hafi svör tryggingafélaganna við bréfum Samkeppnisstofnunar ekki verið send FÍB til umsagnar.

Á fyrri hluta árs 2000 hafi Samkeppnisstofnun átt fund með FÍB og í kjölfar hans hafi lögmaður félagsins sent stofnuninni bréf þar sem félagið hafi lýst mati sínu á samkeppnisaðstæðum á markaðnum. Þessi samskipti við FÍB hafi líkt og samskiptin við AM verið liður í hefðbundinni upplýsingaöflun og rannsókn Samkeppnisstofnunar. Hvorki á umræddum fundi né í bréfinu hafi FÍB gert kröfu um aðgang að gögnum málsins eða að koma að andmælum vegna framkominna sjónarmiða tryggingafélaganna.

Þá vísar samkeppnisráð til þess að þegar frumathugunar Samkeppnisstofnunar hafi verið á lokastigi hafi stofnunin haft samband við lögmann FÍB. Megintilgangur þess hafi verið að ganga úr skugga um það að FÍB væri ljóst að félagið væri ekki aðili að þessu máli og því yrði frumathugun stofnunarinnar ekki send félaginu til umsagnar. Hafi þetta verið liður í yfirferð Samkeppnisstofnunar í því skyni að tryggja að öll formsatriði málsins væru með réttum hætti í tengslum við birtingu frumathugunar í málinu. Lögmaður FÍB hafi ekki gert athugasemdir við þetta mat Samkeppnisstofnunar. Eftir þessi samskipti var hafi Samkeppnisstofnun verið í góðri trú um að FÍB teldi sig ekki aðila að málinu. FÍB hafi verið ljóst að mál þetta hafi verið til meðferðar hjá Samkeppnisstofnun.

Í athugasemdum áfrýjenda við greinargerð samkeppnisráðs er staðhæfingum ráðsins um að starfsmenn Samkeppnisstofnunarinnar hafi tilkynnt lögmanni FÍB símleiðis að stofnunin teldi FÍB ekki aðila mótmælt. Ennfremur vísa áfrýjendur til þess að framkvæmdastjóri FÍB hafi sent forstöðumanni samkeppnisvið tölvupóst í mars 2004 þar sem framkvæmdastjórinn geti þess beinlínis að FÍB sé beinn aðili að rannsókn Samkeppnisstofnunar og hafi þeirri staðhæfingu ekki verið mótmælt. Þá er í athugasemdum áfrýjenda vísað til þess að það sé ekki rétt sem fram komi í greinargerð

samkeppnisráðs að af hálfu AM hafi aldrei verið haft samband við Samkeppnisstofnun. Hið rétta sé að Halldór Sigurðsson, annar aðaleigandi, hafi haft samband við stofnunina og óskað eftir að fá tiltekin gögn í málinu m.a. frumskýrsluna afhenta en hafi verið synjað um það.

## IV

### Niðurstöður

#### 1

Svo sem rakið er í greinargerð samkeppnisráðs sendu fjórir nafngreindir váttryggingamiðlarar Samkeppnisstofnun erindi með bréfi 26. október 1995 þar sem farið var fram á rannsókn á samkeppnisháttum íslenska váttryggingamarkaðarins. Beiðnin um rannsókn var útlistuð nánar í níu liðum í bréfinu. Í framhaldinu hélt Samkeppnisstofnun fund með váttryggingarmiðlurunum þar sem gerð var grein fyrir því að ekki væri unnt að ráðast í rannsókn af þessum toga. Því kom ekki til aðgerða samkeppnisyfirvalda vegna þessa erindis.

#### 2

Þann 19. júní 1997 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Alþjóðlegri miðlun ehf þar sem óskað var eftir rannsókn á starfsemi Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga en sex tryggingafélög voru talin aðilar að henni. Þann 26. ágúst 1997 barst Samkeppnisstofnun erindi frá sama aðila þar sem kvartað var yfir aðgerðum Skráningarstofu hf. og afskiptum Sambands íslenskra tryggingarfélaga (SÍT) í því sambandi. Fyrra málinu lauk með bréfi Samkeppnisstofnunar 29. september 1998 þar sem fram kemur að ekki sé þörf frekari aðgerða í ljósi þess að Samsteypa íslenskra fiskiskipatrygginga hafði verið lögð niður þá skömmu áður. Síðara málinu lauk með ákvörðun samkeppnisráðs 22. desember 1997 þar sem Skráningarstofunni hf. var gert að tilgreina tiltekinn váttryggjanda á eyðublaði fyrir tilkynningu um eigendaskipti bifreiða en Skráningarstofan hf. hafði áður synjað um slíka skráningu.

Þann 15. apríl 1999 sendi Samkeppnisstofnun Sambandi íslenskra tryggingafélaga, aðildarfélögum þess og Íslenskri endurtryggingu bréf þar sem tilkynnt var að samkeppnisyfirvöld hefðu ákveðið að hefja almenna rannsókn á tryggingamarkaðinum. Fram kemur í bréfinu að Samkeppnisstofnun hafi á grundvelli gagna sem aflað hefði verið í tengslum við fyrrgreind mál ákveðið að hefja almenna rannsókn á starfsemi Sambands íslenskra tryggingafélaga og Íslenskrar endurtryggingar og samvinnu váttryggingafélaga innan sem utan vébanda Sambands íslenskra tryggingafélaga og Íslenskrar endurtryggingar. Rannsóknin var þó afmörkuð nánar í bréfunum og hún sögð í upphafi beinast að eftirtöldum atriðum:

- Hvort SÍT eða aðildarfélög SÍT hafi með samningum, samþykktum eða samstilltum aðgerðum hafst eitthvað að sem lýtur að eða er ætlað að hafa áhrif á verð, skiptingu markaða eða gerð tilboða, sbr. gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993
- Hvort upplýsingamiðlun á milli aðildarfélaga SÍT og upplýsingamiðlun milli þeirra og SÍT hafi skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
- Hvort samstarf aðildarfélaga innan SÍT hafi að öðru leyti skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Með bréfi Félags íslenskra bifreiðaeigenda til Samkeppnisstofnunar 3. júní 1999 var þess krafist að rannsakað yrði hvort lækkun iðgjalda ökutrygginga á árinu 1996 af hálfu nokkurra váttryggingafélaga og síðan hækkun þeirra árið 1999 hefði brotið gegn 10. og 17. gr. þágildandi samkeppnislaga. Þetta bréf varð tilefni til viðbragða af hálfu samkeppnisyfirvalda. Var nokkrum váttryggingafélögum ritað bréf af þessu tilefni og þeim tilkynnt að til athugunar væri hvort ákvörðun um lækkun iðgjalda ökutrygginga 1996 og hækkun þeirra á árinu 1999 hafi brotið gegn 17. gr. samkeppnislaga. Þessi rannsókn var síðar sameinuð framangreindri almennri rannsókn á tryggingamarkaðinum eins og síðar verður vikið að.

## 5

Samkeppnisstofnun hélt fund með Alþjóðlegri tryggingu ehf. þann 17. febrúar 2000 sem Samkeppnisstofnun kveðst hafa litið á sem lið í almennri upplýsingaöflun. Í framhaldi af fundinum sendi félagið bréf dagsett 6. mars 2000 þar sem fram komu ýmsar hugleiðingar um samkeppnisaðstæður á váttryggingamarkaðinum og var þá m.a. vísað til fyrrgreinds bréfs nokkurra váttryggingamiðlara til Samkeppnisstofnunar frá 26. október 1995 (sbr. lið 1). Sams konar fundur var haldinn með Félagi íslenskra bifreiðaeigenda og sendi félagið bréf dagsett 10. mars 2000 í framhaldinu þar sem sjónarmið félagsins voru skýrð frekar.

Fleiri samskipti áttu sér stað milli áfrýjenda þessa máls og Samkeppnisstofnunar í framhaldinu sem ekki verða rakin hér.

## 6

Hugtakið aðili máls er hvorki skilgreint í samkeppnislögum né stjórnarsýslulögum. Lögskýringargögn gefa þó til kynna að aðilahugtakið beri að skýra rúmt þannig að ekki sé einungis átt við þá sem eiga beina aðild að máli heldur einnig þá sem hafa óbeinna hagsmuna að gæta. Í 9. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 922/2002 segir að þeir sem eigi lögvarinna hagsmuna að gæti eigi aðild að málum fyrir samkeppnisyfirvöldum. Ýmsar meginviðmiðanir eru notaðar bæði í stjórnarsýslurétti og almennu réttarfari til að skilgreina nánar þau tengsl sem viðkomandi verður að hafa við sakarefnið svo að hann geti talist aðili. Þær viðmiðanir eru til leiðbeiningar en við beitingu þeirra eru þær þó þeim takmörkunum háðar að þær eru hvorki glöggar né tæmandi. Almennt má þó segja að aðild að samkeppnismáli sé háð því að viðkomandi hafi mikilvægra og sérstakra hagsmuna að gæta af úrslitum málsins. Í því efni skiptir meðal annars máli að viðkomandi fyrirtæki hafi í erindum sínum til samkeppnisyfirvalda haft frumkvæði að aðgerðum með því að greina skilmerkilega frá og gera sennilegt að það telji tiltekna hegðun hafa verulega skaðleg áhrif á rekstur sinn.

7

Áfrýjendur máls þessa voru ekki aðilar að erindinu frá 26. október 1995 (sbr. lið 1). Erindi áfrýjanda Alþjóðlegrar miðlunar ehf. frá 26. ágúst 1997 vegna aðgerða Skráningarstofunnar hf. lauk með ákvörðun samkeppnisráðs 22. desember 1997 og erindi sama aðila frá 19. júní 1997 vegna beiðni um rannsókn á starfsemi Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga lauk með bréfi Samkeppnisstofnunar 29. september 1998 sem fyrr sagði. Beiðni Félags íslenskra bifreiðaeigenda til Samkeppnisstofnunar 3. júní 1999 um rannsókn á lækkun bensínsverðs var hins vegar sameinuð hinni almennu rannsókn sem þá þegar var hafin af hálfu stofnunarinnar enda gat hún augljóslega rúmast innan þeirra marka sem Samkeppnisstofnun hafði ákveðið í fyrrgreindri rannsókn sinni. Samkvæmt þessu lauk fyrrgreindum málum með umræddum aðgerðum samkeppnisyfirvalda.

8

Sé framangreint haft í huga ber að líta svo á að málsefni það sem kæra þessi tekur til tengist fyrst og fremst þeirri almennu rannsókn Samkeppnisstofnunar sem hófst með bréfi hennar þann 15. apríl 1999 til Sambands íslenskra tryggingafélaga, aðildarfélaga þess og Íslenskrar endurtryggingar. Áfrýjendur máls þessa komu þar ekki nærri nema með óbeinum hætti. Ekki verður heldur talið nægja til aðildar að máli þessu þótt lítill hluti sakarefnisins hafi verið afmarkaður sérstaklega vegna bréfs áfrýjandans Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Loks verður ekki séð af gögnum málsins að áfrýjendur hafi litið á sig sem aðila við upphaf hinnar almennu rannsóknar samkeppnisyfirvalda eða haldið slíku skýrt fram á meðan málið var til meðferðar þar.

9

Samkvæmt þessu verður ekki talið að áfrýjendur hafi sýnt nægjanlega fram á að þeir hafi svo mikilvægra og sérstakra hagsmuna að gæta að það réttlæti aðild þeirra að málinu. Ber því að vísa því frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

## Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 21. júlí 2004

Stefán Már Stefánsson

Anna Kristín Traustadóttir

Lárus L. Blöndal